

Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gunnars Örlygssonar um útflutning og kynningu á íslensku lambakjöti á erlendum mörkuðum.

1. *Hversu miklu fé hefur ríkissjóður varið sl. fimm ár í kynningu á lambakjöti fyrir erlenda markaði? Hversu hátt hlutfall er kynning á lambakjöti fyrir Bandaríkjamarkað í þessu sambandi?*

Nefnd um markaðssetningu dillkakjots á erlendum mörkuðum skilaði ráðherra skýrslu í janúar sl. Í henni koma fram m.a. eftirfarandi upplýsingar:

Framlög til markaðsfærslu á lambakjöti erlendis árin 1998–2004, á verðlagi hvers árs, þús. kr.

Ár	Bandaríkin	Danmörk	Bretland	Ítalía	Færeyjar	Þýskaland
1998	1.770	1.427	260			
1999		1.047			400	
2000	4.173					
2001	4.040					
2002	9.289	5.000		1.500		
2003	9.850	5.100		3.500		900
2004*	9.990	3.500		900		
	39.112	16.074	260	5.900	400	900

* Áætluð upphæð fyrir árið 2004

Heimild : Áform, átaksverkefni, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Framkvæmdanefnd búvörusamninga.

2. *Hversu margir starfsmenn starfa fyrir ríkissjóð í þessu verkefni á ári?*

Um er að ræða hluta úr starfi eins starfsmanns sem vinnur að markaðsmálum dillkakjots á erlendum mörkuðum.

3. *Hvernig skiptist kostnaðurinn sem hlotist hefur af verkefninu (laun, ferðakostnaður, matvælasýningar, sími, auglýsingar o.s.frv.)?*

Samkvæmt upplýsingum sem fengust hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins er skipting kostnaðar af „Áformsverkefninu“ sem hér segir árið 2004, en lokauppgjör ársins liggur ekki endanlega fyrir:

Rekstur verkefnisins kostaði 10,5 millj. kr. Verkefnaútgjöld námu 22,4 millj. kr., þar af voru 10,5 millj. kr. innan lands og 11,9 millj. kr. erlendis. Verkefnaútgjöld og rekstur alls

námu því 32,9 millj. kr. en tekjur voru 31,3 millj. kr. Halli af verkefningu varð því 1,6 millj. kr., en afgangurinn frá árinu 2003 var 2,3 millj. kr.

Rekstur:	Í þús kr.	
Verkefnastjóri	7.976	v/ verkefnisstjórnar, dagpeninga og bifreiðakostnaðar.
Sími- og tölvukostn.	720	sem skiptist nokkurn veginn til helminga.
Húsnæðiskostn.	616	húsaleiga og sameiginlegur kostnaður.
Bókhald/ fjárreiður	750	Framl.sj.
Annað	436	
Samtals rekstur	10.498	

Verkefnakostnaður:	Innlendur:	Erlendur:	Samtals:
USA-verkefni	3.481	10.782	14.263
Danmerkurverkefni	385	1.016	1.401
Önnur lönd	130	64	194
Sameiginlegur innl. kostn.	6.529		6.529
Samtals verkefnagjöld	10.525	11.862	22.387

Af 10,8 millj. kr. verkefnakostnaði í Bandaríkjunum eru 3,4 millj. kr. vegna kynningar í verslunum vestanhafs og 3,5 millj. kr. vegna eins þáttar í matreiðsluþáttaröð PBS-TV sem nefnist „Chefs afield“. Einhver innlendur kostnaður féll á verkefnið.

Stærsti einstaki innlendi kostnaðarliðurinn er 2,0 millj. kr. þátttaka í „Food and Fun“ matvælahátíðinni. Að öðru leyti er verkefnakostnaðurinn að mestu leyti flugfarseðlar, annar ferðakostnaður og hótélkostnaðar erlendis og kostnaður samfara móttöku lykilmónks sem hingað kemur til þess að kynnast aðstæðum, landi og þjóð, uppruna afurðanna o.s.frv.

4. *Hefur eitthvað áunnist fyrir bændur í þessu verkefni? Er skilaverð hærra til bænda sem leiða fé sitt til slátrunar hjá afurðastöðvum sem framleiða lambkjötsafurðir til útflutnings?*

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um útflutning á lambkjöti árin 2003 og 2004, magn og fob-verðmæti, ásamt meðalverði hvers kg kjöts eftir einstökum löndum.

Útflutningur lambakjöts árin 2003 og 2004.

Lönd	Árið 2003			Árið 2004		
	Magn tonn	Fob verð þús. kr.	Meðalv. kr./kg.	Magn tonn	Fob verð þús. kr.	Meðalv. kr./kg.
Bandaríkin	72	46.793	648	105	67.484	645
Belgía	0	0	0	3	2.231	755
Bretland	571	118.862	208	334	77.626	233
Danmörk	314	102.661	327	183	107.526	588
Frakkland	0	9	393	49	20.844	424
Færeyjar	444	138.528	312	353	114.118	323
Gabon	0	0	0	65	7.685	119
Grænland	26	6.283	240	0	24	639
Holland	0	6	158	49	22.550	458
Ítalía	442	149.893	340	70	26.526	382
Japan	33	6.114	186	154	40.459	263
Lúxemborg	0	51	741	0	0	0
Noregur	321	95.336	297	290	86.362	298
Spánn	0	0	0	60	19.478	326
Svíþjóð	31	13.032	423	7	4.223	626
Þýskaland	0	0	0	12	8.365	707
Samtals	2.253	677.567	301	1.732	605.499	350

Lönd	Árið 2003			Árið 2004		
	Magn tonn	Fob verð þús. kr.	Meðalv. kr./kg.	Magn tonn	Fob verð þús. kr.	Meðalv. kr./kg.
ESB	1.357	384.514	283	765	289.368	378
Bandaríkin	72	46.793	648	105	67.484	645
Færeyjar	444	138.528	312	353	114.118	323
Gabon	0	0	0	65	7.685	119
Grænland	26	6.283	240	0	24	639
Japan	33	6.114	186	154	40.459	263
Noregur	321	95.336	297	290	86.362	298
Samtals	2.253	677.567	301	1.732	605.499	350

Heimild: Hagstofa Íslands.

Það er ætíð háð mati hversu mikill ávinningur er af slíkum verkefnum, en ljóst er að vegið meðalverð á útfluttu lambakjöti hefur hækkað um 49 kr./kg á milli árana 2003 og 2004, þrátt fyrir sterka stöðu krónunnar. Ekki liggja fyrir upplýsingar í ráðuneytinu um skilaverð til bændu fyrir þessar afurðir.

5. Hversu mikið af lambakjötsafurðum hefur farið til útflutnings á sl. fimm árum og hversu hátt er hlutfall útflutnings til Bandaríkjanna í því sambandi?

Heildarútflutningur af kindakjöti hefur verið sem hér segir sl. fimm ár, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands:

Heildarútflytningur kindakjöts, 2000–2004, tonn.

Ár	Flutt út	Þar af til Bandaríkjanna
2000	1.333	36
2001	1.500	48
2002	1.518	55
2003	2.253	72
2004	1.732	105

6. Hvaða flutningafyrirtæki helst hafa flutt út afurðirnar og hvernig er hlutfallið á milli flutningsleiða, þ.e. annars vegar sjóflutninga og hins vegar landflutninga?

Þessar upplýsingar liggja ekki fyrir í ráðuneytinu, en gera má ráð fyrir að meginhlutinn sé fluttur úr með skipi.

7. Hvaða afhendingarskilmála er notast við í samningum við kaupendur (cif, fob, ddp o.s.frv.) á lambakjötsafurðum til kaupenda á Bandaríkjamarkaði?

Samkvæmt upplýsingum Norðlenska ehf., en það fyrirtæki sér um mestallan útflytninginn á Bandaríkjamarkað, er greitt undir vöruna inn í vöruhús kaupanda í Bandaríkjunum, þ.e. CIF-vöruhús.

8. Hverjir eru greiðsluskilmálar í samningum um lambakjötsafurðir til kaupenda á Bandaríkjamarkaði?

Samkvæmt upplýsingum Norðlenska ehf. eru greiðsluskilmálarnir úttektarmánuður + mánuður, þ.e. að greitt er u.þ.b. tveim mánuðum eftir að varan er send frá Íslandi.

9. Eru lambakjötsafurðir tollskyldar inn til Bandaríkjamarkaðar?

Nei, þær eru ekki tollskyldar lengur.